



Borgarráð

Skerjafjörður - lóðarvilyrði til Félagsstofnunar stúdenta.

Óskað er eftir að borgarráð veiti Félagsstofnun Stúdenta kt. 540169-6249, Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík, lóðarvilyrði fyrir lóð sem heimili byggingu 160 íbúða í Skerjafirði með fyrirvara um gildistöku deiliskipulags sem staðfesti lóðaafrörkun og staðfesti byggingarréttinn.

Greinargerð: Lóðarvilyrði þetta er veitt á grundvelli viljayfirlýsingar dags. 22. desember 2014 milli Reykjavíkurborgar, Félagsstofnunar stúdenta og Háskóla Íslands um að útvega 250 nemendaíbúðir á öðrum þéttingarreitum nálægt miðborg utan við háskólasvæðið.

Með lögum 52/2016 um almennar íbúðir var ákveðið að sveitarfélög og ríki gætu komið að fjármögnun íbúða á leigumarkaði með framlögum til sjálfseignastofnana eða lögaðila sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Félagsstofnun stúdenta er slík sjálfseignarstofnun.

Skipulagssamkeppni var haldin um skipulag í Skerjafirði og er verið að vinna að deiliskipulagstillögu á grundvelli niðurstöðu samkeppninnar.

Óli Jón Hertervig